

Skagafjörður.
8. fundur – sveitarstjórnar
haldinn að Sæmundargötu 7a, föstudaginn 23. desember 2022
og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Einar Eðvald Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Gísli Sigurðsson, Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðlaugur Skúlason, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Friðrik Margeir Friðriksson.

Fundargerð ritaði: Margeir Friðriksson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Í upphafi fundar var samþykkt samhljóða að taka á dagskrá mál 2212181 Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur - milliuppgjör.

Hrefna Jóhannesdóttir tók þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

Dagskrá:

1. Útvarshlutfall í Skagafirði árið 2023 - 2211107

Vísað frá 28. fundi byggðarráðs Skagafjarðar 21.12. 2022 þannig bókað:
"Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum. Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16.12.2022, samþykkir byggðarráð að beina því til sveitarstjórnar Skagafjarðar að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%."
Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með nýu atkvæðum að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%. Enginn kvaddi sér hljóðs.

2. Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á landsvísu - 2209075

Vísað frá 28. fundi byggðarráðs Skagafjarðar 21.12. 2022 þannig bókað:
"Lagður fram samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða vegna barnaverndar. Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og vísar honum til afgreiðslu sveitarstjórnar."
Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning með nýu atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Skagafjarðar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

3. Barnaverndarþjónusta - 2211217

Lagður fram samningur um barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi, á milli sveitarfélaganna Fjallabyggðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar, sem mun taka til starfa 1. janúar

2023. Með samningnum fela framangreind sveitarfélög Skagafirði að annast fyrir sig verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki eru sérstaklega falin öðrum. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í umdæminu í skilningi 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur yfir verkefni samkvæmt samningi þessum frá og með 1. janúar 2023.
Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning með nýu atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Skagafjarðar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Skagafjarðar - 2212177

Lögð fram drög að breytingu á samþykkt um stjórn Skagafjarðar nr. 1336/2022. Breytingarnar eru til komnar vegna innleiðingar á farsældarlögum sem miða að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Skagafjarðar borin upp til afgreiðslu og samþykkt með nýu atkvæðum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að vísa málinu til síðari umræðu sveitarstjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

5. Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2022-2023 - 2212098

Málinu vísað frá 7. fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar, 20.12. 2022. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 1370/2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023 í sveitarfélaginu Skagafirði:

1. Ákvæði 1. másl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður:
"Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2022."
2. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi:
"Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 14 þorskígildistonn á skip."
3. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:
"Aflí sem er landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr."
4. Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu. Til vara að bátar undir 50 brúttótonnum fái undanþágu frá löndun til vinnslu.
5. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:
"Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins."

Til máls tók Sveinn P. Úlfarsson.

Sveitarstjórn samþykkir tillögur atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar með nýu atkvæðum, með áorðnum breytingum í 2. tölulið sem hér fara á eftir:


2. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa, 30 brúttótonnum og yfir af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 7,5 þorskígildistonn á skip."

8. fundur sveitarstjórnar
23.12.2022


6. Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur - milliuppgjör - 2212181

Lögð fram til kynningar milliuppgjör pr. 31.05. 2022 fyrir Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð.
Enginn tók til máls.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:09.



Einar Eðvald Einarsson




Hrunn Pétursdóttir



Hrefna Jóhannesdóttir




Gísl Sigurðsson




Guðlaugur Skúlason




Jóhanna Ey Harðardóttir




Sveinn Þ. Finster Úlfarsson



Álfhildur Leifsdóttir



Sígurlaug Vordís Eysteinsdóttir



Sigrús Ingi Sigfússon



Friðrik Margeir Friðriksson